

Kæri starfsmaður,

Skólinn notar kannanakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er starfsmannakönnun sem metur fjölbreytta þætti, þ.á.m. vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs og starfsanda.

Að auki svara starfsmenn sem stunda kennslu spurningum m.a. um stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Könnunin fer fram í mars og skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á skólastarfi á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á [www.visar.is](http://www.visar.is) undir *Persónuverndarstefna*.

*Vísar rannsóknir*, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á [www.visar.is](http://www.visar.is). Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á [personuvernd@visar.is](mailto:personuvernd@visar.is).

Ef þú er mótfallin(n) því að eiga möguleika á að svara könnuninni, vinsamlegast hafðu samband við skrifstofu skólans. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).